



**OPINBERT TILBOÐSYFIRLIT  
YFIRTÖKUTILBOÐ TIL HLUTHAFA Í FISKMARKAÐI ÍSLANDS**

## **INNGANGUR**

Þann 24. mars 2006 eignaðist FMB ehf., 50,38% hlutafjár í Fiskmarkaði Íslands hf. Stærstu eigendur FMB ehf. eru: Páll Ingólfsson, Bárður Tryggvason, Sigríður Jóhannesdóttir, KG Fiskverkun ehf. (aðaleigandi: Hjálmar Þór Kristjánsson), Tryggvi Leifur Óttarsson, Hraðfrystihús Hellissands hf. (aðaleigandi: Ólafur Rögnvaldsson), Guðmundur Runólfsson hf. (aðaleigandi: Guðmundur Smári Guðmundsson) og Fannar Baldursson. Samtals eiga ofangreindir aðilar 68,98% í FMB ehf. Með kaupunum myndaðist yfirtökuskylda í samræmi við ákvæði VI. sbr VII. kafla laga um verðbréfavíðskipti nr. 33/2003.

Í samræmi við ákvæði VI. sbr. VII. kafla laga um verðbréfavíðskipti gerir FMB ehf. öllum hluthöfum í Fiskmarkaði Íslands hf. yfirtökutilboð í hluti þeirra í félaginu, á grundvelli þeirra skilmála sem er að finna í tilboðsyfirliti þessu.

## **FÉLAG OG HLUTIR SEM TILBOÐIÐ TEKUR TIL**

Fiskmarkaður Íslands hf., kt. 601191-1219, Norðurtanga, 355 Ólafsvík.

**Fiskmarkaður Íslands hf.** sem varð til við sameiningu Fiskmarkaðar Breiðafjarðar hf. og Faxamarkaðarins hf., er stærsti fiskmarkaðurinn á Íslandi og fer u.þ.b. 50% af öllu seldu magni á íslenskum fiskmörkuðum gegnum Fiskmarkað Íslands hf. Afgreiðslustaðir Fiskmarkaðs Íslands hf. eru alls 8 talsins, í Þorlákshöfn, Reykjavík, Akranesi, Arnarstapa, Rífi, Ólafsvík, Grundarfirði og Stykkishólmi. Skrifstofa félagsins er í Ólafsvík, sem jafnframt er stærsti einstaki móttökustaðurinn.

Meirihluti þess afla sem seldur er hjá Fiskmarkaði Íslands hf. er af dagróðrabátum og er fiskurinn seldur áður en að honum er landað. Því er ferskleiki fisksins og gæði mikil. Við löndun er þess gætt að fiskurinn sé vel ísaður og að honum sé raðað í einangruð fiskker, jafnframt er hitastig fisksins mælt og það skráð.

Eftir að fiskinum hefur verið landað er hann flokkaður og veginn, hann ísaður að nýju og síðan er hann afgreiddur til kaupenda, yfirleitt að kveldi veiðidags. Uppboð fara fram á hádegi alla daga og geta kaupendur mætt til uppboðs á 30 mismunandi stöðum vítt og breitt um landið. Um mitt ár 2003 var tekið í notkun nýtt uppboðskerfi "Fisknet". Fer það uppboð fram á internetinu og geta kaupendur því tengst uppboðskerfinu frá tölvum sínum hvar sem er í heiminum.

Hlutabréf Fiskmarkaðar Íslands hf. eru skráð á Aðallista Kauphallar Íslands undir auðkenninu FMB og ISIN númer hluta í Fiskmarkaði Íslands hf. er IS0000001196.

## **TILBOÐSGJAFI OG EIGNARHLUTUR HANS**

FMB ehf., kt. 470306-1060, Sandholti 44, 355 Ólafsvík.

Eignarhlutur FMB ehf. í Fiskmarkaði Íslands hf. þann 10. apríl 2006 nam 61.598.266 hlutum, eða sem nemur 86,62% af útgefnu hlutafé Fiskmarkaðar Íslands hf. FMB ehf. hefur ekki tryggt sér loforð fyrir því að aðrir hluthafar í Fiskmarkaði Íslands hf. muni taka yfirtökutilboðinu, né heldur hefur félagið tryggt sér frekari atkvæðisrétt í félaginu en sem nemur þeim rétti sem fylgir núverandi eignarhlut FMB ehf. í Fiskmarkaði Íslands hf. Ekki er um að ræða aðila í samstarfi við FMB ehf. vegna yfirtökutilboðsins og aðrir aðilar munu ekki koma að viðskiptum tengdum yfirtökutilboðinu.

FMB ehf. hefur útbúið yfirtökutilboð þetta á grundvelli upplýsinga um Fiskmarkað Íslands hf. sem áður hafa verið gerðar opinberar. FMB ehf. ber því ekki ábyrgð á því að upplýsingar um Fiskmarkað Íslands hf. séu réttar eða tæmandi.

## **MÓTTAKENDUR TILBOÐS**

Hluthafar sem skráðir eru í hlutaskrá Fiskmarkaðar Íslands hf. í lok dags 24. apríl 2006 fá sent tilboðsyfirlit, samþykkiseyðublað, framsalseyðublað og svarsendingarumslag. Einnig er hægt að nálgast framangreind gögn hjá VBS Fjárfestingarbanka hf., Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík og á heimasíðu bankans [www.vbs.is](http://www.vbs.is).

## **UMSJÓNARAÐILI YFIRTÖKUTILBOÐS**

Umsjón með yfirtökutilboði þessu hefur VBS Fjárfestingarbanki hf., kt. 621096-3039, Suðurlandsbraut 18, 105 Reykjavík, sími 570-1200, [www.vbs.is](http://www.vbs.is).

VBS Fjárfestingarbanki hf. hefur útbúið yfirtökutilboð þetta á grundvelli upplýsinga frá FMB ehf. og upplýsingum sem teljast opinberar. Þar af leiðandi ábyrgist VBS Fjárfestingarbanki hf. ekki að upplýsingarnar sem er að finna í yfirtökutilboðinu séu réttar eða tæmandi.

VBS Fjárfestingarbanki hf. á 12.708 hluti í Fiskmarkaði Íslands hf. við útgáfu tilboðsyfirlits þessa.

## **VERÐ YFIRTÖKUTILBOÐS**

Verð sem hluthöfum í Fiskmarkaði Íslands hf. er boðið fyrir hluti sína nemur kr. 7 á hvern hlut og samsvarar það verð hæsta verði sem FMB ehf. og tengdir aðilar hafa greitt fyrir hluti í Fiskmarkaði Íslands hf. síðastliðna 6 mánuði, eins og kveðið er á um í 40. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 33/2003. Um verðþróun hluta í Fiskmarkaði Íslands hf. í Kauphöll Íslands hf. er nánar fjallað undir liðnum "Hlutafé".

## **SAMÞYKKI YFIRTÖKUTILBOÐS**

Til að samþykka yfirtökutilboð FMB ehf. samkvæmt tilboðsyfirliti þessu þarf hluthafi í Fiskmarkaði Íslands hf. að skila rétt útfylltu samþykkiseyðublaði, sem er hluti tilboðsyfirlits þessa, til VBS Fjárfestingarbanka hf., eigi síðar en við lok yfirtökutímabilsins. Þegar samþykki yfirtökutilboðs hefur verið skilað réttilega til VBS Fjárfestingarbanka hf. er hluthafa óheimilt að ráðstafa hlutum sínum í Fiskmarkaði Íslands hf. með beinum eða óbeinum hætti til þriðja aðila. FMB ehf. telst réttur handhafi atkvæðisréttar viðkomandi hluta frá þeim tíma sem greiðsla fyrir selda hluti fer fram. Samþykki yfirtökutilboðs er skuldbindandi og óafturkallanlegt.

## **GREIÐSLA OG AFHENDING HLUTA**

Hlutirnir sem samþykkt verður að selja á grundvelli yfirtökutilboðs þessa, verða greiddir í formi reiðufjár í íslenskum krónum inn á bankareikning hluthafa sem tilgreindur skal á samþykkiseyðublaði. Hluthafar bera engan kostnað af samþykki yfirtökutilboðsins né framsali hluta af VS-reikningum þeirra. Greiðsla verður innt af hendi til hluthafa eigi síðar en 5 dögum eftir að tilboðstímabili lýkur, enda séu upplýsingar sem fram koma á samþykkiseyðublaði réttar og fullnægjandi.

Ráðstöfun hluta og greiðsla fyrir þá getur ekki farið fram í samræmi við yfirtökutilboðið nema þeir séu veðbanda- og kvaðalausir samkvæmt skráningu á VS-reikningi. VBS Fjárfestingarbanki hf. áskilur sér rétt til að ganga úr skugga um hvort greiðsla geti farið fram í samræmi við ákvæði laga nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa.

## **TILBOÐSTÍMABIL**

Gildistími yfirtökutilboðsins er frá 29. apríl 2006 til kl. 16:00 þann 27. maí 2006. Samþykki yfirtökutilboðsins verður að hafa borist VBS Fjárfestingarbanka hf., Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík, eigi síðar en kl. 16:00 þann 27. maí 2006.

Hluthafi ber sjálfur ábyrgð á að samþykki yfirtökutilboðsins sem póstlagt er eða sent er með faxi, skili sér með réttum hætti. VBS Fjárfestingarbanki hf. áskilur sér þó einhliða rétt til að taka gild samþykkiseyðublöð sem berast eftir lok tilboðstímabilsins.

### **FJÁRMÖGNUN OG ÁBYRGÐ Á GREIÐSLU**

FMB ehf. hyggst fjármagna yfirtöku á Fiskmarkaði Íslands hf. með reiðufé.

VBS Fjárfestingarbanki hf. ábyrgist reiðufjárgreiðslu FMB ehf. á yfirteknum hlutum, eins og nánar er kveðið á um í 40. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 33/2003.

### **RAFRAEN SKRÁNING HLUTA Í FISKMARKAÐI ÍSLANDS HF.**

Hlutir í Fiskmarkaði Íslands hf. eru rafrænt skráðir hjá Verðbréfaskráningu Íslands hf. Nauðsynlegt er að hluthafar í Fiskmarkaði Íslands hf. eigi VS-reikning hjá reikningsstofnun/fjármálafyrirtæki sem gert hefur aðildarsamning við Verðbréfaskráningu Íslands hf., en slíkir reikningar eru stofnaðir hjá reikningsstofnunum/fjármálafyrirtækjum.

Ef hluthafi í Fiskmarkaði Íslands hf. er ekki með VS-reikning, felur samþykki yfirtökutilboðs jafnframt í sér umboð til VBS Fjárfestingarbanka hf. til að stofna slíkan reikning svo unnt verði að framselja hlutina og viðhafa aðrar ráðstafanir sem eru nauðsynlegar vegna framsalsins. Viðkomandi VS-reikningur verður aðeins nýttur í framangreindum tilgangi. Hluthafar Fiskmarkaðar Íslands hf. bera engan kostnað af stofnun slíks VS-reiknings.

### **INNLAUSN HLUTAFJÁR**

Eignist FMB ehf. meira en 90% hlutafjár eða atkvæðisréttar í Fiskmarkaði Íslands hf. geta FMB ehf. og stjórn Fiskmarkaðar Íslands hf. ákveðið í sameiningu að aðrir hluthafar í Fiskmarkaði Íslands hf. skuli sæta innlausn FMB ehf. á hlutum sínum í Fiskmarkaði Íslands hf. Komi til innlausnar verður þeim hluthöfum, sem ekki hafa tekið yfirtökutilboðinu á tilboðstímanum, send tilkynning þar sem þeir eru hvattir til að selja FMB ehf. hluti sína innan 4 vikna. Verði innlausn ekki sinnt af hálfu hluthafa við framangreindar aðstæður, verður andvirði hluta hans í Fiskmarkaði Íslands hf. greitt inn á geymslureikning á nafni hans og frá þeim tíma telst FMB ehf. réttur eigandi hlutanna og hlutir fyrri hluthafa ógildir í samræmi við ákvæði 2. mgr. 47. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 33/2003.

### **SKATTALEG MEÐFERÐ**

Um skattalega meðferð hlutanna fer samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 90/2003. Hluthöfum Fiskmarkaðar Íslands hf. er ráðlagt að leita sér sérfræðilegrar ráðgjafar um skattalega meðferð á hlutum þeirra í tengslum við yfirtökutilboðið.

### **FRAMTÍÐARÁÆTLANIR**

Stefnt er að afskráningu hluta í Fiskmarkaði Íslands hf. af Aðallista Kauphallar Íslands hf. í kjölfar yfirtökutilboðsins enda uppfyllir félagið ekki lengur kröfur Kauphallarinnar um skráningu.

Stjórn FMB ehf, sem á rúm 86% hlutafjár í Fiskmarkaði Íslands hf., hyggst reka Fiskmarkað Íslands hf. áfram í núverandi mynd og í raun styðja við stjórnendur félagsins um að fylgja þeirri stefnu sem fylgt hefur verið undanfarin ár. Engar ákvarðanir hafa verið teknar um verulega breytingu á rekstri eða nýtingu fjármuna Fiskmarkaðs Íslands hf. en stefnt er að frekari útrás félagsins í takt við þá stefnu sem núverandi stjórnendur Fiskmarkaðs Íslands hf. hafa mótað og fylgt á undanförunum árum. Ekki stendur til að breyta eða flytja starfsstöðvar félagsins, né verulegar

breytingar á störfum eða starfsskilyrðum stjórnenda þess. Engin ákvörðun hefur verið tekin um að breyta samþykktum Fiskmarkaðs Íslands hf.

Engin hlunnindi eða aðrar greiðslur er um að ræða frá hendi FMB ehf. til stjórnenda Fiskmarkaðs Íslands hf.

### **UPPLÝSINGASKYLDA**

Fiskmarkaði Íslands hf. ber sem skráðu félagi á Aðallista Kauphallar Íslands hf. að gera þegar í stað opinberar allar upplýsingar um öll atriði sem máli skipta og telja verður að geti haft marktæk áhrif á verðmyndun hluta í félögum, sbr. ákvæði 1. mgr. 59. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 33/2003.

### **Meðfylgjandi er yfirlit yfir upplýsingar Fiskmarkaðar Íslands hf. til Kauphallar Íslands hf. frá sl. áramótum:**

#### **9.1.2006**

-Jón Ásbjörnsson kt. 301138-3799 tilkynnir um sölu á 18,84% hlut í Fiskmarkaði Íslands hf. og á félagið enga hluti eftir viðskiptin. Stekkur Þú ehf. er kaupandi að hlutunum.

#### **18.1.2006**

-Stekkur Þú ehf. tilkynnir um kaup á 18,84% hlut í Fiskmarkaði Íslands hf. og átti félagið enga hluti fyrir viðskiptin.

#### **20.1.2006**

-Fiskmarkaður Íslands hf. selur 20.000 eigin hluti og á enga hluti eftir viðskiptin.

#### **26.1.2006**

-Tryggvi L. Óttarsson, framkvæmdarstjóri Fiskmarkaðar Íslands hf., kaupir 80.350 hluti og á eftir viðskiptin 2.592.483 hluti.

-Fannar Baldursson, Fjármálastjóri Fiskmarkaðar Íslands hf., kaupir 50.000 hluti og á eftir viðskiptin 895.481 hluti.

#### **1.2.2006**

-Fannar Baldursson, Fjármálastjóri Fiskmarkaðar Íslands hf., kaupir 581.455 hluti og á eftir viðskiptin 1.336.373 hluti.

#### **23.3.2006**

-Hjálmar Kristjánsson, varastjórnarmaður Fiskmarkaðar Íslands hf., selur 300.000 hluti og á enga hluti eftir viðskiptin, en hlutir í eigu fjárhagslegra tengdra aðila eftir viðskiptin eru 3.088.000.

-KG Fiskverkun, fruminnherji: Hjálmar Kristjánsson stjórnarmaður, kaupir 850.000. Fjöldi hluta í eigu fjárhagslegra tengdra aðila eftir viðskiptin eru 3.088.000.

#### **24.3.2006**

-Ársuppgjör 2005 er birt.

-Viðskipti stöðvuð vegna væntanlegrar fréttar.

-FMB ehf. eignast 50,38% hlut í Fiskmarkaði Íslands hf. og tilkynnir um að félagið muni leggja fram yfirtökutilboð í félagið.

-Tilkynnt er um sölu fruminnherja, fjárhagslegra tengdra aðila og annarra skv. eftirfarandi:

Útnes ehf., fruminnherji: Sævar Friðbjófsson stjórnarmaður, selur 920.305 hluti.

Guðmundur Runólfsson hf., fruminnherji: Guðmundur Runólfsson stjórnarmaður, selur 1.035.000 hluti.

Helga Hermannsdóttir, fruminnherji: Sævar Friðbjófsson stjórnarmaður, selur 65.000 hluti.

Páll Ingólfsson stjórnarformaður, selur 9.072.488 hluti.

Guðmunda Oliversdóttir, fruminnherji: Páll Ingólfsson stjórnarformaður, selur 440.000 hluti.

Oliver ehf., fruminnherji: Fannar Baldursson fjármálastjóri, selur 789.692 hluti.

Rán Kristinsdóttir, fruminnherji: Fannar Baldursson fjármálastjóri, selur 105.789 hluti.

Fannar Baldursson fjármálastjóri, selur 1.336.373 hluti.

Tryggvi L. Óttarsson framkvæmdarstjóri, selur 2.592.483 hluti.

Sævar Friðbjólfsson stjórnarmaður, selur 553.000 hluti.

Bárður H. Tryggvason, selur 4.367.820 hluti.

KG Fiskverkun, fruminnherji: Hjálmar Kristjánsson varamaður í stjórn, selur 3.088.000 hluti.

Enginn framangreindra á hluti í Fiskmarkaði Íslands hf. eftir viðskiptin.

-Í kjölfar tilkynningar um fyrirhuguð yfirtökuútilboð FMB ehf. voru hlutir Fiskmarkaðar Íslands hf. settir á Athugunarlista Kauphallar Íslands hf.

#### **27.3.2006**

-Stekkur Þú ehf. selur 13.397.900 hluti og á enga hluti eftir viðskiptin.

-Toppfiskur ehf. selur 9.538.000 hluti og á enga hluti eftir viðskiptin.

-FMB ehf. kaupir 22.936.843 hluti og á eftir viðskiptin 58.766.608 hluti.

#### **29.3.2006**

-Tilkynning um aðalfund Fiskmarkaðs Íslands hf. verður haldinn 26. maí 2006.

#### **10.4.2006**

-FMB ehf. kaupir 2.831.658 hluti og á eftir viðskiptin 61.598.266 hluti. Samtals 86,62% af heildarhlutafé.

### **FJÁRHAGSLEGAR UPPLÝSINGAR**

Meðfylgjandi eru lykiltölur úr rekstri Fiskmarkaðs Íslands hf. fyrir árið 2001-2005. Á árinu 2005 nam velta Fiskmarkaðs Íslands hf. rúmmum 430 milljónum króna. Niðurstaða er mjög í takt við áætlanir og tekjur síðustu ára.

Félagið hefur rekið uppboðsmarkað fyrir fisk í Ólafsvík, Grundarfirði, Stykkishólmi, Rífi, Arnarstapa, Akranesi, Reykjavík og Þorlákshöfn. Seld voru 44.747 tonn af fiski fyrir 5.367 milljónir króna. Árið 2005 og var meðalverð á kíló kr. 120. Árið áður hjá Fiskmarkaði Íslands hf. voru seld 44.657 tonn af fiski fyrir 5.559 milljónir króna og var meðalverðið á kíló kr. 124, meðalverð á fiski hefur lækkað á milli ára sem þýðir sambærilega lækkun á uppboðstekjum af hverju kíló til félagsins, hins vegar jókst selt magn lítillaga og sú aukning ásamt tekjum af nýrri þjónustudeild sem hófst janúar 2005, kvótamiðlun.

<b>Rekstrarreikningur</b>	<b>2005</b>	<b>2004</b>	<b>2003</b>
Rekstrartekjur	436.492.053	444.526.283	411.456.102
Rekstrargjöld	373.582.700	365.420.109	339.883.640
<b>Hagnaður fyrir afskriftir</b>	<b>62.909.353</b>	<b>79.106.174</b>	<b>71.572.462</b>
Afskriftir fastafjármuna	-28.413.779	-33.837.158	-29.745.126
Fjármunatekjur og fjármunagjöld	26.635.120	22.805.367	8.897.715
<b>Hagnaður af reglulegri starfsemi fyrir skatta</b>	<b>61.130.694</b>	<b>68.074.383</b>	<b>50.725.051</b>
Tekju- og eignaskattur	-9.918.590	-12.552.518	-8.606.086
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>51.212.104</b>	<b>55.521.865</b>	<b>42.118.965</b>

<b>Efnahagsreikningur</b>	<b>31.12.2005</b>	<b>31.12.2004</b>	<b>31.12.2003</b>
Fastafjármunir	318.523.499	308.831.703	314.393.454
Veltufjármunir	222.196.184	157.126.450	184.541.524
<b>Eignir alls</b>	<b>540.719.682</b>	<b>465.958.152</b>	<b>498.934.978</b>
Eigið fé	329.165.121	292.176.284	248.033.033
Tekjuskattsskuldbinding	8.162.242	10.535.536	8.835.045
Langtímaskuldir	61.571.417	74.701.403	87.143.624
Skammtímaskuldir	137.691.261	88.544.929	154.923.276
<b>Eigið fé og skuldir</b>	<b>540.719.682</b>	<b>465.958.152</b>	<b>498.934.978</b>


<b>Kennitölur:</b>	<b>2005</b>	<b>2004</b>	<b>2003</b>
Veltufjárhlutfall	1,61	1,77	1,19
Eiginfjárhlutfall	61%	62,70%	49,71%
Hreint veltufé frá rekstri	64.029.720	72.093.962	65.542.306

## **HLUTAFÉ**

Útgefið hlutafé í Fiskmarkað Íslands hf. nemur 71.116.333 kr. hluta. Hluthafar voru 174 í árslok 2006 og 10 stærstu hluthafar í félaginu miðað við 10.04.2006 eru:

<b>Nafn hluthafa</b>	<b>Nafnverð</b>	<b>%</b>
	61.598.266	
FMB ehf.	kr.	86,62
Haföldur ehf.	1.627.000 kr.	2,29
Ögurvík hf.	1.456.000 kr.	2,05
FISK-Seafood hf.	1.050.000 kr.	1,48
Útgerð Arnars hf.	635.000 kr.	0,89
Agustson ehf.	500.000 kr.	0,7
Marteinn G. Karlsson	285.291 kr.	0,4
Verkalýðsfélag Snæfellsbæjar	280.000 kr.	0,39
Sjómannafélag Reykjavíkur	275.700 kr.	0,39
Hamrafell ehf.	260.552 kr.	0,37

Lítið af viðskiptum hafa átt sér stað með hlutabréf í Fiskmarkað Íslands hf. en í ársbyrjun var verð á hlutum 5,4 og heildarverðmæti því 384 milljónir kr. Þann 24.03.2006 kaupir FMB ehf. 50,38% hluti á 6,6 og nam heildarverðmæti Fiskmarkaðs Íslands hf. tæpar 470 milljónir. Stekkur þú ehf. (18,84%) og Toppfiskur ehf.(13,05%) selja FMB ehf. þann 27.03.2006. á genginu 7,0. Á meðfylgjandi mynd gefur að líta verðþróun hluta í Fiskmarkaði Íslands hf.



### LAGAÁKVÆÐI OG DÓMSTÓLAR

Um tilboðsyfirlit þetta gilda íslensk lög. Rísi ágreiningur um efni yfirtökutilboðsins skal skorið úr þeim ágreiningi fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

### FYLGISKJÖL

- Samþykkiseyðublað hluthafa
- Framsalseyðublað
- Áletrað svarsendingarumslag